



HEYRNARSÍUR

Upplýsingar til notandans

Til hamingju með nýju DXLproH heyrnarsíurnar þínar.

Notaðu heyrnarsíurnar þegar þú ert í hávaða.

Vertu viss um að heyrnarsíurnar sitji rétt í eyrunum. Sían með rauða merkinu er fyrir hægra eyrað. Sían með bláa merkinu er fyrir vinstra eyrað. Heyrnarsía er sett í hlutina með því að þrýsta varlega á hann og snúa smávegis um leið og togað er í eyrnasneppil.

Heyrnarsíurnar eru hreinsaðar með blautklút eða vatni. Hlutir með skörum brúnum geta skemmt síuna og breytt dempunaráhrifum hennar. Athugaðu hvort að heyrnarsíurnar séu í lagi. Eftir langvarandi notkun getur yfirborð þeirra breyst en það getur haft áhrif á hljóðdempunina.

DXLproH síur dempa hávaða að meðaltali um 28 db en dempunin er háð tíðni eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Tíðni Hz	125	250	500	1000	2000	4000	8000
Dempun db	21,4	23,0	24,8	23,3	31,9	33,8	45,8